

## Svar

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns Pálssonar um ábyrgðasjóð launa.

1. *Hver er sjóðseign ábyrgðasjóðs launa sem stofnaður var samkvæmt lögum nr. 53/1993?*

Leitað var upplýsinga hjá ábyrgðasjóði launa til að svara fyrirspurninni.

Sjóðseign ábyrgðasjóðs var í árslok 2001 890.443.670 kr. Spá um þróun útgjalda á þessu ári gerir ráð fyrir að eigið fé sjóðsins verði í árslok um 537 millj. kr.

2. *Hve háar hafa greiðslur vegna vangreiddra lífeyrisréttinda launþega verið úr sjóðnum síðustu þrjú ár?*

Greiðslur sjóðsins vegna lífeyrisréttinda launþega voru þannig á árunum 1999–2001:

Ár	Kr.
1999	49.666.687
2000	38.063.244
2001	44.693.265
<b>Samtals</b>	<b>132.423.196</b>

3. *Hve háar hafa kröfur verið á sjóðinn vegna vangreidds lífeyrissparnaðar launþega síðustu þrjú ár?*

Kröfur vegna lífeyrissparnaðar voru þannig á árunum 1999–2001:

Ár	Kr.
1999	90.647.342
2000	93.511.187
2001	186.244.395

4. *Hvaða lífeyrissjóðir hafa krafist greiðslna úr sjóðnum síðustu þrjú ár og hve hárra?*

Á árunum 1999–2001 hafa tuttugu og þrjár lífeyrissjóðir lýst kröfum sem samtals nema 370.402.924 kr. Þess skal getið að í mörgum tilvikum miðast upphafleg kröfulýsing við áætlanir. Um er að ræða eftirtalda lífeyrissjóði:

Lífeyrissjóður verslunarmanna Lífeyrissjóðurinn Framsýn, Sameinaði lífeyrissjóðurinn, Lífeyrissjóður verkfræðinga, Lífeyrissjóður blaðamanna, Lífeyrissjóður tæknifræðinga og arkitekta, Íslenski lífeyrissjóðurinn, Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, ALVÍB (Almennur lífeyrissjóður VÍB), Lífeyrissjóður Austurlands, Lífeyrissjóður verkalýðsfélaganna á Suðurlandi, Lífeyrissjóður Vestfirðinga, Lífeyrissjóður Suðurnesja, Lífeyrissjóður Vestmannaeyja, Lífeyrissjóðurinn Lífiðn, Frjálsi lífeyrissjóðurinn, Lífeyrissjóður Norðurlands, Lífeyrissjóðurinn Eining, Lífeyrissjóðurinn Hlíf, Lífeyrissjóður verkalýðsfélaganna á Norðurlandi, Lífeyrissjóður Vesturlands, Lífeyrissjóður Verkafólks í Grindavík og Lífeyrissjóður Bolungarvíkur.

5. Hafa verið gerðar kröfur í ábyrgðasjóðinn um greiðslur á séreignarlífeyrissparnaði vegna gjaldþrota fyrirtækja og ef svo er, hve háar?

Kröfur vegna séreignarlífeyrissparnaðar voru þannig á árunum 1999–2001 og það sem af er ári 2002:

<b>Ár</b>	<b>Kr.</b>
1999	0
2000	20.388
2001	754.016
2002	4.971.025
<b>Samtals</b>	<b>5.745.429</b>